


Málað og skreytt
Nanna H.Eggertsdóttir.



Ævintýrleg kerti



Efni og áhöld:

Kerti í lit og falleg servíetta í stíl, kertalím, þrykksvampur, skæri.



1. Mátið servíettuna við stærð kertisins með því að leggja servíettuna ofan borð og kertið ofan á. Myndin á servíettu snýr niður. Klippið servíettuna í sömu hæð og kertið.



2. Takið hvít aukalög af servíettunni. Berið kertalímið tvær umferðir á kertið allan hringinn með þrykksvampinum. Látið þorna á milli.



3. Leggið kertið sem er blautt af kertalími varlega ofan á servíettuna og látið hana ná utan um kertið. Klippið afgangservíettu af.

4. Berið kertalím varlega yfir servíettuna á kertinu svo hún rifni ekki.

5. Látið kertið þorna. Kertið má skreyta með borðum, pappírblómum, skrautsteinum og glimmeri eins og sést á mynd.

